

Nd.

144. Tillaga

til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum á Vestfjörðum.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta eitt varðskipanna annast að staðaldri jafnframt landhelgisgæzlu björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum og veiðarfærum þeirra fyrir Vestfjörðum á tímabilinu frá vetur-nóttum til janúarloka.

Greinargerð.

Á aukabinginu 1931 var flutt till. í líka átt, en hún varð ekki afgreidd frá því þingi. Á þinginu 1932 var till., sem var lík að efni, vísað til ríkisstjórnarinnar, en ríkisstjórnin hefir ekki gert neinar ráðstafanir.

Nú er svo komið, að ekki verður við unað lengur.

Frá Ísafjarðardjúpi, Súgandafirði og Önundarfirði ganga um 70 mótorbátar, sem sækja á djúpmið skammdegismánuðina október — janúar. Fiskur er ekki á grunnmiðum á þessum tíma árs, og verða sjómenn að sækja hann mestmegnis 12—15 sjómilur út frá yztu annesjum, og alloft 20—24 sjómilur.

Þessi sjósókn er ein hin áhættusamasta héraendis, bæði er lífshætta óvenjumikil og tap á veiðarfærum og þar með afla algerlega einsdæmi, þegar frá er talin sjósókn við Vestmannaeyjar.

Enn er þó eitt, sem stórkostlega eykur tap á veiðarfærunum, og það er, að togarar, nálega eingöngu erlendir, sýna hinn mesta yfirgang með því að toga yfir veiðarfæri (línur) sjómanna, og hefir það orðið til stórtjóns hin síðari árin. T. d. varð yfir 20 þús. króna tjón á veiðarfærum eingöngu, þar með ekki talið aflatapið, á einum degi í janúarmán. síðastl., og þetta tjón orsakaðist af því, að togarinn togaði yfir veiðarfærin.

Það er vist, að tjón Vestfirðinga af þessum sökum hefir á tímabilinu október — janúar síðastl., að meðtöldu aflatjóni, numið 60—70 þús. kr.